

LÖG

um réttindi eftirlitsmanna vegna samnings um hefðbundinn herafla í Evrópu og samnings um opna lofthelgi.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirlitsmenn og flutningsáhafnir, sem starfa á grundvelli samnings frá 19. nóvember 1990 um hefðbundinn herafla í Evrópu og samnings frá 24. mars 1992 um opna lofthelgi, skulu njóta þeirrar friðhelgi, forréttinda og undanþágna hér á landi sem kveðið er á um í samningunum.

2. gr.

Utanríkisráðherra getur sett nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 9. maí 1994.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Baldvin Hannibalsson.

LÖG

um breytingu á lögum um Evrópska efnahagssvæðið nr. 2/1993, sbr. lög nr. 66/1993.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 3. gr. laganna kemur ný grein sem verður 4. gr., svohljóðandi:

Birting breytinga og viðbóta við EES-samninginn í sérstöku blaði, sem gefið verður út á vegum útgáfumiðstöðvar EFTA, telst fullgild birting.

2. gr.

Í stað a-liðar 4. tölul. bókonar 1 við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. fskj. II við lög um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993, kemur nýr a-liður, svohljóðandi:

- a. Þegar aðildarríki EB ber að veita framkvæmdastjórn EB upplýsingar skal EFTA-ríki veita eftirlitsstofnun EFTA slíkar upplýsingar og hún koma þeim áleiðis til fastanefnd-